



Fréttir 8. maí 2014



Vorið er komið.

Sumardagurinn fyrsti og fyrsti maí nýafstaðnir og þá er komið að því: Hinn árlegi **CAD dagur** verður haldinn þann **5. júní** og er helgaður "**hinu stafræna módeli**" eða **Digital Prototyping**.

Eins og venjulega verður dagurinn haldinn á **Grand Hótel Sigtúni** og **Thomas Larsen** og **Mark Milton frá Autodesk** verða sérstakir heiðursgestir.

CAD dagurinn verður sem sagt þann 5. júní 2014.

Eins og venjulega er þátttaka á CAD daginn ókeypis og fylgir léttur hádegisverður.

Vegna óska frá utanbæjargestum byrjum við ekki fyrr en kl. 10:00.

Dagskrá.

09.30 - 10:00 Kaffi og skráning

10:00 - 10:15 Velkomin

10:15 - 11:15 Product Design Suite - Inventor - nýjungar- Thomas Larsen

11:15 - 11:30 Kaffi

11:30 - 12:15 Nýjungar í AutoCAD 2015 - Finnur P. Fróðason

12:15 - 13:00 AutoCAD Electrical 2015

13:00 - 13:30 Léttur hádegisverður í boði CAD

13:30 - 14:00 Nýjungar í Autodesk Vault 2015, Factory Design og Showcase - Thomas Larsen

14:00 - 14:15 Kaffi

14:15 - 14:45 Stafrænt módel - framleiðni, afköst og sammkeppni - Mark Milton

14.45 - 15:45 Tips og Tricks fyrir Inventor m.m. Thomas / Finnur

15:45 - 16:00 Spurningar

Dagskrá getur breyzt án fyrirvara

Skráning HÉR

eða senda póst á cad@cad.is

Tilboð:

Eins og áður hefur verið nefnt þá verður ekki unnt að uppfæra Autodesk forrit eftir 30 desember n.k. Til að fá uppfærslur þurfa menn að vera með virka áskrift. Ef áskrift er runnin út þurfa menn að kaupa forritin á fullu verði. Þess vegna er brýnt að viðhalda áskriftinni. Fyrir þá fáu sem eru ekki með virka áskrift þá er enn hægt að **uppfæra með 20% afslætti** - gildir

fyrir útgáfur 2009-2014. **Tilboðið gildir til 25. júlí 2014** og skilyrði er að taka áskrift. Eftir 25 júlí n.k. minnkar afslátturinn í 10 % og hverfur síðan alveg á haustdögum.

Updates & Service Packs

Hotfixes

AutoCAD 2015 - Heartbleed - [HÉR](#)

Inventor 2015 - Heartbleed - [HÉR](#)

Servicepakkar er auðveldast að finna með því að nota **Application Manager frá Autodesk**. Þetta litla forrit er sjálfkrafa sett upp þegar hugbúnaðurinn frá Autodesk er settur upp.

Nýjungar - stiklað á stóru.

Í síðasta fréttabréfi var farið yfir helztu nýjungar í AutoCAD og hér fylgja nokkrir linkar inn á ýmsar síður sem eru þess virði að skoða:

[The CAD Setter Out](#)

[Lynn Allen](#)

[Cad Notes](#)

Inventor 2015

Með Inventor 2015 sjáum við "bland í poka" - fullt af nýjum hlutum og ástæða til að taka ofan. Sumar nýjungar eru framhald eða þróun nýjunga sem komu í fyrra, en aðrar eru sóttar í "óskalistann" þar sem notendur setja inn óskir sínar, en stóru nýjungarnar eiga eftir að breyta "leiknum".

Vitnum í ummæli eins gagnrýnandi á netinu:

"To deliver an exceptional modeling experience, Inventor 2015 brings focused, impactful additions to the 3D Modeling environment as its primary theme. It also delivers a robust package of customer-requested productivity improvements throughout other work environments, for both new and advanced modelers. Included are tools for direct editing and freeform modeling creation, and faster ways to modify and create sketch relationships"

Hér skal nefna helztu breytingar á ýmsum sviðum:

Sketch umhverfið

- * Relax-Mode fyrir Constraints
- * Sketch tab alltaf til staðar í öllum umhverfum
- * Constraint stillingar - viðbætur og breytingar
- * Hægrismella "Delete Constraints" og "Delete Coincident Constraints" skipanir
- * Geometry end-point - endurbætur
- * Offset endurbætur
- * Sketch point á sýndarsamskeyti (virtual intersection)
- * Sketch text stílar
- * "Look At" endurbætur til að forðast yfirsnúning

Part umhverfið

- * T-Spline Freeform Bodies
- * Direct Edit
- * Twist Angle möguleikar í Sweep
- * Staðal snitt dýpt í snittuðum götum (geymd í thread.xls)
- * Parameters samskiptabox endurbætt
- * Window val fyrir punch staðsetningar (Sheetmetal)
- * Cut Normal (Sheetmetal) Hornrétt skorið á flöt
- * Punch yfir beygju (Sheetmetal)

- * Unfold/Refold 0-radius beygja (Sheetmetal)
- * Hægt að ákveða hlið fyrir útflatning
- * Nafngefa Workplanes í "browser" (nöfnin sýnd í grafiska glugganum)
- * Wrap-to-surface 50x hraðvirkari
- * Shell og Taper Extrusion - endurbætur

Assembly umhverfið


- * Joint - endurbætur
- * Endurnotkun á Member í Frame Generator
- * 2-Click workplane myndun virka nú fyrir ekki-samsíða fleti
- * Express mode endurbætur - fleiri skipanir aðgengilegir
- * Hlutagegnsæi (Component opacity) endurbætur í Tube & Pipe
- *

Drawing Environment:

- * Hraðvirk Drawing Views sem nota Express-Mode gögn
- * Hraðvirk "Open" möguleiki til að sleppa "file references"
- * Flytja töflu sem er skipt upp á annað blað
- * Tvísmella á balloon til að breyta
- * Auto Sort Parts List við Update möguleika

Fyrir utan þessa stóru flokka er fullt að viðbótum og breytingum í viðmótinu (UI) og í stillingum (Settings). Jafnvel Task Scheduler er búið að taka í gegn.

Direct Edit




Autodesk Inventor 2015 - Direct Edit

Mikið hefur verið rætt um "Direct Modelling" gagnstætt "Parametric Modelling" (Skilyrta hönnun). Staðreyndin er sú að það er stund og staður fyrir hvortveggja. Ástæðan fyrir því hve mikið veður hefur verið gert úr þessu, er að nú getur Inventor notað báðar vinnuaðferðir. Þegar "T-Spline Freeform" hlutir bætast við erum við komin með framúrskarandi tæki til að búa til stafræn módel. Þetta er tækni sem brúar bilið milli iðnhönnunar og vélrænnar hönnunar. Við erum nú komin með eitt tæki og eitt módel.

Hinn kosturinn sem "Direct Edit" felur í sér er að stundum er erfitt að muna hvernig módelið var búið til og sagan (í browsernum) orðin mjög löng og erfitt getur orðið að breyta án þess að eitthvað fari í "klessu". Í þessum tilfellum getur "Direct Edit" komið þér til bjargar.

Enn einn kostur er að hægt er að breyta módeli án sögu t.d. STP og SAT skráum sem sótt hafa verið hjá framleiðanda á netinu.


Freeform




Inventor 2015 Freeform hlutur

Þar sem þetta er fyrsta útgáfu af T-Spline í Inventor þá er þetta frábær byrjun. Hér eru komnir hlutir / aðgerðir sem saknað hafa verið lengi. Þetta er aðeins byrjun svo ég hvet notendur til að gefa Autodesk "Feedback" á spjall- og notendarásum hjá Autodesk - Autodesk Inventor forums.- .Í millitíðinni þá er um að gera að leika sér og kanna alla möguleika sem þetta tól gefur.


Sweep með snúningi.



Einn af upphalds nýjungunum í Inventor 2015 er nýja "Twist" möguleikinn í Sweep skipunin. Það er liðin tíð að reyta þurfi hár sitt til að finna leiðir til að beygja gorm eða láta eitthvað snúast eftir ákveðinni slóð.



Nú er hægt að nota venjulega "Sweep" aðgerð og stilla hversu margar gráður formið eigi að snúast um leið og það er dreigið eftir slóðinni. Myndir segja meira en mörg orð.




Sketch Relax Mode

Hér er önnur mjög gagnleg nýjung.

Hvesu oft hefur þú ekki reynt að breyta sketch og komist að því að skorður (constraints) eða málsetningar koma í veg fyrir að auðvelt sé að breyta? Oft endar það með að maður eyði skorðum og eða málsetningum bara til að setja þær á aftur að loknu breytingum.


Nú - í Inventor 2015 - er auðveldara að átta sig á skorðum og málsetningum.




Sketch Relax mode gerir lífið enn auðveldara..


Þegar Sketch Relax mode er á, er mögulegt að toga og færa til hluti eins og þeir væru óskorðaðir. Það er næstum því eins einhver væri búinn að eyða skorðum eða málsetningum. Þegar þú ert búinn að færa til og frá tekur þú einfaldlega "Relax Mode" af og skorður eru aftur settar á.

Auðveldast er að nota F11 eða litla "shortcut'ið" neðst í bakkanum.



Þú getur stjórnað hvernig aðgerðin hagar sér með því að breyta stillingum í constraints settings samskiptaboxinu..





Á meðan verið er að toga og breyta verða málsetningar "driven" en um leið og Relax Mode er tekið af verða þær aftur venjulegar málsetningar sem unnt er að breyta. Skorður (Constraints) verður varðveittar þar sem hægt er, en ef ekki þá eru þær fjarlægðar. Inventor mun uppljóma skorður sem eru fjarlægðar. Að sjálfsgöðu getur farið svo að skissan er ekki skorðuð að fullu eftir á.

Góð útskýring er á hjálparsíðu Inventors.

<http://help.autodesk.com/view/INVNTOR/2015/ENU/?guid=GUID-A70EA377-475A-4A54-86B4-D653ED1708D0>

Þangað til næst:
Lifið heil.

Finnur P. Fróðason
Hafið Samband:

sími: 5523990 -
cad@cad.is

[Forward email](#)



This email was sent to finnurp@cad.is by finnurp@cad.is |
[Update Profile/Email Address](#) | Instant removal with [SafeUnsubscribe™](#) | [Privacy Policy](#).

CAD ehf | Skulagata 10 | Reykjavík | IS-101 | Iceland